



# Framkvæmda- fréttir

7. tbl. / 14



Um leið og snjórinn sjatnar fara starfsmenn þjónustustöðva Vegagerðarinnar af stað til að lagfæra eða þvo vegstíkur. Myndin er tekin á Hringvegi (1) austan Akureyrar mánudaginn 31. mars og sýnir vélknúinn þvottakúst sem festur er á þjónustubífreið.

## Frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir efni fjögurra rannsóknarskýrsla. Finna má skýrslurnar í heild á [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is) undir „Upplýsingar og útgáfa / Rannsóknaskýrslur“.

### Áhrif þungakakmarkana á vegum júní 2013

Verkefnið á uppruna sinn í samgönguáætlun 2011 til 2014, þar sem lagt var til að samspil þungatakmarkana og hagkvæmni væri skoðað. Þungatakmarkanir leiða til aukins kostnaðar flutninga vegna þess að flytja þarf farm í fleiri ferðum en ella. Þessi aukni kostnaður getur skilað sér í auknum kostnaði úti í samfélaginu. Í verkefninu var reynt að meta kostnað flutningsaðila vegna þungatakmarkana og bera hann saman við kostnað við uppbyggingu (styrkingu með sementsfestun og yfirlögn) helstu flutningsleiða. Helstu

flutningsleiðir frá Reykjavík voru skoðaðar. Niðurstöður verkefnisins benda til að hagkvæmt sé að styrkja kafla á ▶



## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 7. tbl. 22. árg. nr. 625 7. apríl 2014

Ritstjórn og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
eða með tölvupósti til:  
**vai@vegagerdin.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útbóðsframkvæmdir fyrir verkötum. Fyrirhuguð útbóð eru kynnt, útbóðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafolk. Áskrift er endurgjaldslaus.

► flutningsleiðinni um Suðurland, austur á firði, þar sem hlutfallslegur kostnaður vegna þungatakmarkana á þeirri leið er meiri en kostnaður vegna uppbyggingar. Þetta á hins vegar ekki við um flutningsleiðir á Norðurland, Vestfirði og Snæfellsnes. Lagt er til að farið verði í nákvæmari greiningu á Austurleiðinni hvað þetta varðar, til að fá betri rök fyrir því hvort hagkvæmt sé að ráðast í styrkingu kafla á þeirri leið.


### Taugasálfræðilegt mat á ökuhæfni eftir heilablóðfall og heilaáverka

júní 2013

Í skýrslunni er m.a. farið yfir fræðilegan bakgrunn varðandi áhrif heilablóðfalls og heilaáverka á aksturshæfni. Síðan er gerð grein fyrir forprófun á tölvustýrða matstækinu „Expert System Traffic“ (XPSV, Schuhfried GmbH) til að skoða hvernig það hentar íslenskum sjúklingum eftir heilablóðfall og heilaáverka. Gert er ráð fyrir að rannsóknin sé undirbúningur fyrir víðameiri þverfaglega rannsókn á forspáréttmæti tækisins fyrir frammistöðu í ökumati með ökukennara og iðjuþjálf. Rannsóknartilgátan var að svipaðar niðurstöður myndu fást hér í samanburði sjúklunga sem voru í endurhæfingu og jafn margra heilbrigðra einstaklinga. Niðurstöður voru að mestu í samræmi við tilgátuna. Fram kemur að verkefnið hafi ýtt undir áhuga á að opna sérstaka matsstöð með Ökukennarafélag Íslands í fararbroddi, sem myndi hafa það hlutverk að framkvæma mat á ökuhæfni út frá heilbrigðisförsendum.



Sérhannað lyklaborð og jaðarsjónsviðstæki.



### Innlendur saltþekill til hálkuvarna

ágúst 2013


Í skýrslunni er lýst frumkönnun á hagkvæmni þess að framleiða saltþekil innanlands til nota við hálkuvarnir og rykbindingu. Miðað er við eimingu sjávar til framleiðslu saltþekils, með notkun ódýrrar orku frá orkuveri á Reykjanesi. Í dag er sá saltþekill sem notaður er, framleiddur með blöndun á innfluttu þurrsalti með ferskvatni. Niðurstöður verkefnisins eru þær að auka þyrfti hlutfall þekilnotkunar við hálkuvarnir og rykbindingu, miðað við það sem er í dag, til að þessi framleiðsla á innlendum þekli borgi sig. Bent er á að rannsóknir hafa sýnt fram á kosti þess að auka þekilnotkun til hálkuvarna. Þá segir að umhverfisleg áhrif innlendar framleiðslu geti verið jákvæð, þar sem draga mun úr losun koltvísýrings vegna hálkuvarna um 1000 tonn á ári vegna minni sjóflutninga á þurrsalti frá Miðjarðarhafinu. Fram kemur að forsendur um stofn- og rekstrarkostnað þekilverksmiðju sé lauslega áætlaður í þessu verkefni og næsta skref ætti hugsanlega að vera að kanna nánar tæknilegar forsendur framleiðslunnar, setja upp tilraunaframleiðslu í smáum stíl og meta fjármagns- og rekstrarkostnað í framhaldi af því.

### Orkuöflun mælistöðva Vegagerðarinnar með vindrafstöðvum

september 2013

Kveikja verkefnisins er að Vegagerðin hefur hug á að beita vindafla saman með sólarrafhlöðum við rekstur orkufrækari mælitækja eins og myndavéla með innrauðu ljósi til næturmyndatöku. Eldri vindrafstöðvar í rekstri Vegagerðarinnar hafa verið afllitlar eða 100 W og hafa þurft um 6 m/sek vind til að hefja framleiðslu. Ný gerð vindrafstöðvar er skoðuð í verkefninu, en hún er 600 W og byrjar orkuframleiðslu við

vind upp á 2,5 m/sek. Niðurstöður verkefnisins eru að vindrafstöðvar af þessari gerð séu mjög öruggur kostur fyrir flestar veðurstöðvar á heiðum og fjallvegum, þar sem meðalvindhraði yfir verarhelming ársins er 7 m/sek. eða meiri. Á slíkum stöðum er óhætt með hæfilegri rýmd rafgeima að auka aflúttakið talsvert frá því sem það er í dag, án þess að það bitni á rekstraröryggi. Samrekstur með sólarcellum hjálpar mikið upp á öryggið en treysta verður alfarið á vindorku í 10 til 12 vikur í svartasta skammdeginu.



Veðurstövar hafa verið flokkaðar eftir meðalvindhraða og k-gildum vindhraðadreifingar.



Vaðlaheiðargöng, staða framkvæmda 31. mars 2014. Búíð er að sprengja 2.023 m frá Eyjafirði sem er 28,2% af heildarlengd.


Heildarlengd ganga í bergi 7.170 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: [www.vadlaheidi.is](http://www.vadlaheidi.is)



Norðfjarðargöng, staða framkvæmda 31. mars 2014. Búíð er að sprengja samtals 1.086,6 m sem er 14,4% af heildarlengd.

Heildarlengd ganga í bergi 7.542 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: [www.austurfrett.is](http://www.austurfrett.is)

**Svínadalsvegur (502),  
Leirársveitarvegur - Kambshóll**  
Sjá auglýsingu



**Svínadalsvegur (502),  
Leirársveitarvegur - Kambshóll**  
Sjá auglýsingu

**Auglýsingar útboða**

**Svínadalsvegur (502),  
Leirársveitarvegur - Kambshóll**

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í breikkun og endurbætur Svínadalsvegur (502) í Hvalfjarðarsveit milli Leirársveitarvegur og Kambshóls, alls um 8,0 km.

Helstu magntölur eru:

|                                 |                       |
|---------------------------------|-----------------------|
| Skeringar .....                 | 8.700 m <sup>3</sup>  |
| Fyllingar .....                 | 11.800 m <sup>3</sup> |
| Fláafleygar .....               | 8.400 m <sup>3</sup>  |
| Lenging og endurlögn ræsa ..... | 315 m                 |
| Neðra burðarlag .....           | 11.600 m <sup>3</sup> |
| Efra burðarlag .....            | 8.600 m <sup>3</sup>  |
| Tvöföld klæðing .....           | 50.300 m <sup>2</sup> |

Uppýtingu efnis í námum skal lokið fyrir 20. júní og útlögn neðra lags klæðingar skal lokið fyrir 1. september 2014. Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. júlí 2015.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 7. apríl 2014. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 þriðjudaginn 22. apríl 2014 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Bæjarstjórinn og bæjarstjórnin í Fjarða- byggð sprengdu fyrstu formlegu sprenginguna í Norðfjarðargöngum Fannardalsmegin laugardaginn 22. mars og er nú grafið beggja vegna. Það eru verktakarnir Metrostav a.s. og Sudurverk hf. sem sinna verkinu fyrir Vegagerðina. Með hefðbundnum hætti kom tékksneski verktakinn fyrir lúkneski af heilagri Barböru við gangamunnann en hún er verndar-dýrtingur námumanna að kaþólskum sið.



Ytri Rangá við Hellu. Brúin var byggð 1912. Fyrir verkum sögðu við smíðina Jón Þorláksson landsverkfræðingur og Geir Zoëga verkfræðingur. Verktjóri var Stefán Jónsson, yfirsmiður Einar Einarsson og formaður við stöplagerð Jónas Þorsteinsson. Þessi brú stóð talsvert ofar en núverandi brú sem var byggð 1962. Myndin er úr safni Jóns J. Víðis.



Þessi mynd er tekin í júlí 2013. Sjónarhornið er talsvert lægra en á gömlu myndinni en trjágróður skyggir nú á þann kost. Á eystri bakka árinna er upplýsingaskilti sem segir sögu gömlu brúarinnar og eru upplýsingar í myndatexta hér að ofan fengnar af því skilti.

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaeyldar.

**Rautt númer = nýtt á lista**

| <b>Fyrirhuguð útboð</b>  | <b>Auglýst:</b> <div>dagur, mánuður, ár</div> |               |
|--|---|---------------|
| 14-029 Reykhóltsdalsvegur (519) og Hvítársíðuvegur (523), Stóri Ás - Gilsbakki | 2014  |               |
| 14-003 Hringvegur(1) um Jökulsá á Fjöllum, brú og vegur                        | 2014  |               |
| 14-019 Krýsuvíkurvegur (42) 2014   | 2014  |               |
| 14-015 Efnisvinnsla á Norðursvæði 2014   | 2014  |               |
| 14-027 Upphéraðsvegur (931), Bolalækur - Brekkugerði                           | 2014  |               |
| 14-013 Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2014, malbik                    | 2014  |               |
| 14-026 Vetrarþjónusta 2014-2019, Reykjanesbraut - Suðurnes                     | 2014  |               |
| 14-025 Vetrarþjónusta 2014-2019, Höfuðborgarsvæðið                             | 2014  |               |
| 14-028 Vestfjarðavegur (60), um Reykjadal                                      | 2014  |               |
| 14-004 Endurbætur á Biskupstungnabraut (35), 2014                              | 2014  |               |
| 14-006 Endurbætur á Hringvegi (1) í Reykjadal                                  | 2014  |               |
| 14-005 Hringvegur (1), Hvalnesskriður, hrunvarnir                              | 2014  |               |
| 13-074 Landeyjahöfn - lenging flóðvarnargarðs og aðkomuvegur                   | 2014  |               |
| 13-067 Sjóvarnir Vestmannaeyjar 2013   | 2014  |               |
| 14-018 Dettifossvegur (862), Tóveggur - Norðausturvegur                        | 2014  |               |
| <b>Auglýst útboð</b>   | <b>Auglýst:</b>                               | <b>Opnað:</b> |
| 13-007 Svínadalsvegur (502), Leirársveitarvegur - Kambshóll                    | 07.04.14                                      | 23.04.14      |
| 14-030 Gras- og kantsláttur á Suðursvæði 2014-2015                             | 31.03.14                                      | 15.04.14      |
| 14-020 Vetrarþjónusta 2014-2019, Vestur-Skaftafellssýsla, vestur hluti         | 31.03.14                                      | 15.04.14      |
| 14-021 Vetrarþjónusta 2014-2019, Vestur-Skaftafellssýsla, austur hluti         | 31.03.14                                      | 15.04.14      |
| 14-022 Vetrarþjónusta 2014-2019, Rangárvallasýsla og Flói                      | 31.03.14                                      | 15.04.14      |
| 14-023 Vetrarþjónusta 2014-2019, uppsveitir Arnessýslu                         | 31.03.14                                      | 15.04.14      |
| 14-024 Vetrarþjónusta 2014-2019, vegir á svæði Selfoss - Reykjavík             | 31.03.14                                      | 15.04.14      |
| 14-034 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2014  | 24.03.14                                      | 08.04.14      |
| 14-033 Seyðisfjarðarvegur (93) Fjarðarheiðargöng, rannsóknarboranir 2014       | 24.03.14                                      | 08.04.14      |
| 14-008 Yfirlagnir á Austursvæði 2014, klæðing                                  | 24.03.14                                      | 08.04.14      |
| 14-017 Hvammavegur (853), Staðarbraut - Kísilvegur, bundið slittlag            | 24.03.14                                      | 08.04.14      |
| 14-012 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2014, malbik                     | 24.03.14                                      | 08.04.14      |
| 14-014 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2014, repave/fræsing og malbik   | 24.03.14                                      | 08.04.14      |
| 14-009 Yfirlagnir á Suðursvæði 2014, klæðing                                   | 24.03.14                                      | 08.04.14      |

| <b>Útboð á samningaborði</b>   | <b>Auglýst:</b> | <b>Opnað:</b> |  |
|--|-----------------|---------------|--|
| 14-016 Svínvetningabraut (731), klæðingarendi - Kaldakinn                                      | 10.03.14        | 01.04.14      |  |
| 14-011 Yfirlagnir á Vestursvæði og Norðursvæði 2014, blettanir með klæðingu                    | 17.02.14        | 11.03.14      |  |
| 14-010 Yfirlagnir á Vestursvæði 2014, klæðing  | 17.02.14        | 11.03.14      |  |
| 14-030 Borgarfjarðarhreppur, styrking brimvarnar við Hafnarhólma 2014-2015                     | 10.02.14        | 25.02.14      |  |
| 14-032 Akureyri - endurbygging Togarabryggju, þekja og lagnir                                  | 10.02.14        | 25.02.14      |  |
| <b>Samningum lokið</b>   | <b>Opnað:</b>   | <b>Samið:</b> |  |
| 13-075 Meðallandsvegur (204) um Fljótakróka <i>Mjölnir vörubílstjórafélag, kt. 470269-2869</i> | 14.01.14        | 14.02.14      |  |
| 13-073 Stykkishólmur - Lenging ferjubryggju <i>Lárus Einarsson, kt. 540283-0369</i>            | 18.02.14        | 31.03.14      |  |
| 14-007 Yfirlagnir á Norðursvæði 2014, klæðing <i>Borgarverk ehf., kt. 540674-0279</i>          | 11.03.14        | 02.04.14      |  |

### Niðurstöður útboða

| <b>Svínvetningabraut (731), klæðingarendi - Kaldakinn</b>  | 14-016                             |                     |                     |                         |
|--|------------------------------------|---------------------|---------------------|-------------------------|
| Tilboð opnuð 2. apríl 2014. Endurbygging Svínvetningabrautar (731) á 5,15 km löngum kafla, frá klæðingarenda 2,18 km sunnan við vegamót við Hringveg (1) og rétt suður fyrir heimreiðina að Köldukinn. |                                    |                     |                     |                         |
| Helstu magntölur eru:  |                                    |                     |                     |                         |
| Skering. . . . .   | 7.630                              | m <sup>3</sup>      |                     |                         |
| Fylling. . . . .   | 4.590                              | m <sup>3</sup>      |                     |                         |
| Fláafleygar . . . . .  | 3.190                              | m <sup>3</sup>      |                     |                         |
| Styrktarlag (neðra burðarlag) . . . . .  | 7.280                              | m <sup>3</sup>      |                     |                         |
| Burðarlag (efra burðarlag) . . . . .   | 5.980                              | m <sup>3</sup>      |                     |                         |
| Klæðing . . . . .  | 34.115                             | m <sup>2</sup>      |                     |                         |
| Ræsalögn - stálrör . . . . .   | 24                                 | m                   |                     |                         |
| Endafrágangur ræsa . . . . .   | 9                                  | stk.                |                     |                         |
| Rásarbotn og fláar . . . . .   | 46.506                             | m <sup>2</sup>      |                     |                         |
| Frágangur svæða við hlið vegar . . . . .   | 15.000                             | m <sup>2</sup>      |                     |                         |
| Útlögn klæðingar skal að fullu lokið fyrir 1. september 2014 og verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. október 2014.   |                                    |                     |                     |                         |
| <b>nr.</b>   | <b>Bjóðandi</b>                    | <b>Tilboð (kr.)</b> | <b>Hlutfall (%)</b> | <b>Frávik (þús.kr.)</b> |
| 4  | Suðurtak ehf., Selfossi            | 93.470.865          | 141,7               | 25.621                  |
| 3  | G. Hjálmarsson hf., Akureyri       | 69.700.000          | 105,7               | 1.850                   |
| 2  | Skagfirskir verktakar, Sauðárkróki | 67.993.440          | 103,1               | 143                     |
| 1  | Borgarverk ehf., Borgarnesi        | 67.850.000          | 102,9               | 0                       |
| ---  | Áætlaður verktakakostnaður         | 65.943.000          | 100,0               | -1.907                  |